

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Samráðsgátt mál nr. 66/2022

Reykjavík, 27. mars 2022

Efni: Umsögn Eftirlaunasjóðs FÍA (EFÍA) við drög að frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóða og ákvæðum um tilgreinda séreign (lágmarkstryggingavernd) – mál nr 66/2022

Í þeim frumvarpsdrögum sem hér eru til umsagnar (mál nr 66/2022, hér eftir vísað til sem „frumvarpsins“) eru lagðar til viðamiklar breytingar á lögum um lífeyrissjóði. Það er mikilvægt að tryggja ítarlega rýni slíkra breytinga og aðkomu allra hagsmunaaðila.

Í frumvarpinu felast jákvæðar breytingar, s.s er varða breytingar þær sem gerðar eru á lögum um stuðning til fyrstu íbúðarkaupa. Að mati EFÍA þarfnast önnur atriði frumvarpsins frekari rýni og má þar sérstaklega nefna breytingar er snúa að lögfestingu á tilgreindri séreign og verðtryggingu lífeyrisgreiðslna.

Það er umhugsunarvert að ráðast eigi í svo umfangsmiklar breytingar á réttindakafla laga um lífeyrissjóði skv. frumvarpinu, sem mun raska uppbyggingu a.m.k. 10 lífeyrissjóða og þriggja annarra vörsluaðila séreignarsparnaðar og samsetningu lífeyrissparnaðar hjá tugþúsundum sjóðfélaga þeirra, áður en ráðist er í gerð grænbókar. Það blasir við að rétt væri að taka breytingarnar sem frumvarpið felur í sér inn í þá vinnu, sem felur í sér innbyggt og virkt samráð.

Með frumvarpinu er ætlunin að efna skuldbindingar gagnvart Alþýðusambandi Íslands (ASÍ) og Samtökum atvinnulífsins (SA) skv. svonefndum lífskjarasamningnum. Meðal annars er lagt til að tilgreind séreign verði lögfest en hún hefur nú þegar verið innleidd hjá þeim sjö lífeyrissjóðum sem eru á samningssviði ASÍ og SA. Í raun er því ekki þörf á að lögfesta tilgreinda séreign enda rúmast þær reglur sem um hana gilda nú þegar innan núverandi löggjafar að undanskilinni heimild til að nýta hana í fyrstu fasteign. Til að heimila slíkt væri einfalt að bæta við frumvarpið ákvæði þess efnis að sjóðfélagar sem ráðstafa 3,5% iðgjaldi af 15,5% lágmarksiðgjaldi til séreignarsparnaðar gætu nýtt iðgjaldið í fyrstu fasteign.

Sjóðfélagar EFÍA greiða samkvæmt kjarasamningi við FÍA nú þegar 20% lágmarksiðgjald og hafa um allnokkurt skeið haft möguleika á að ráðstafa hluta þess iðgjalds til öflunar séreignar. Mikil ánægja hefur verið með þetta

fyrirkomulag og að mati sjóðsins veldur það áhyggjum að sú breyting sem lögð er til raskar því fyrirkomulagi og skerðir valfrelsi sjóðfélaga verulega. Verði frumvarpið samþykkt óbreytt yrði sjóðfélögum nauðugur einn kostur að ráðstafa 3,5% iðgjalds síns í tilgreinda séreign, sem lýtur þrengri útgreiðslureglum en nú gilda.

Lögfesting á tilgreindri séreign sbr. 2. og 3. gr. frumvarps og útgreiðslureglur tilgreindrar séreignar sbr. 6. gr. frumvarps

Atriði í frumvarpinu sem þarfnast nánari skoðunar snúa að 3,5% iðgjaldi sem er hluti af lágmarkstryggingarvernd, en með frumvarpinu er veitt heimild til að semja sig frá tryggingarverndinni og greiða þess í stað í tilgreinda séreign. Framsetningin er mjög flókin og ekki til þess gerð að gera lífeyriskerfið skiljanlegra og aðgengilegra.

Í frumvarpinu er gerður veigamikill greinarmunur á tilgreindri séreign og séreign af viðbótargjaldi, með mun þrengri útgreiðslureglum. Slík forræðishyggja er með öllu óskiljanleg og verulega skortir á að þetta sér rökstutt. Sjóðfélagar sem ávinna sér tilgreinda séreign hafa á sama tíma áunnið sér réttindi í samtryggingu, sem tryggir ævilangan lífeyri og veitir öryggi um fastar greiðslur, en án sveigjanleika. Það er mikilvægt að sjóðfélagar njóti á móti sveigjanleika í greiðslum úr öðrum sparnaði sem áunnist hefur samhliða og það valfrelsi þarf að standa vörð um.

Ákjósanlegra væri að falla frá sérákvæðum útgreiðslureglna tilgreindrar séreignar og heimila ráðstöfun 3,5% af lágmarksiðgjaldi í hefðbundinn viðbótarlífeyris-sparnað. Slík iðgjöld mætti aðgreina frá öðrum og ná þannig fram sömu áhrifum og markmiðum sem stefnt er að með frumvarpinu, án þess að auka á flækjustig lífeyriskerfisins og skerða með því valfrelsi sjóðfélaga.

Verðtrygging lífeyris, sbr. 5. gr. frumvarps

Hér er lögð fram sú breyting á verðtryggingu lífeyris að lífeyrir landsmanna tekur verðbreytingum einu sinni á ári, nánar tiltekið 1. janúar ár hvert, í stað mánaðarlega líkt og nú er. Stjórn EFÍA leggst eindregið gegn þessum breytingum fyrir hönd sjóðfélaga sinna og fær ekki séð að haldbær rök búi hér að baki. Áhrif þessa á lífeyrisþega liggja ekki fyrir en ljóst að þau eru ekki jákvæð og mótmælir stjórn EFÍA þessum breytingum harðlega.

Af öllu ofangreindu má vera ljóst að frekari umræða og greining á þeim breytingum sem hér eru lagðar til er nauðsynleg. Efnahags- og viðskiptanefnd benti á hið sama í umsögn sinni um forvera þessa frumvarps (mál. 700) vorið 2021. Í umsögn sinni hvatti nefndin til þess að frumvarpið yrði rýnt með tilliti til þeirra ábendinga sem fram höfðu komið í umsögnum til nefndarinnar og að samráð yrði haft við hagaðila um breytingar. Slíkt samráð hefur ekki farið fram og

ekki er hægt að sjá að horft hafi verið til þeirra fjölda umsagna sem bárust á vordögum 2021 við gerð þessa frumvarps.

Að lokum vill stjórn EFÍA minna á áðurnefnda Grænbók um lífeyriskerfið sem stjórnvöld hafa gefið út að fyrirhuguð sé. Slík vinna er einmitt grundvöllur að því samtali sem þarf að eiga sér stað áður en farið er í viðlíka breytingar og hér eru lagðar til. Farsælasta niðurstaðan væri því sú að bíða með þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu og þess í stað vinna málið áfram samhliða þeirri vinnu og því samtali sem mun eiga sér stað þegar Grænbókin verður unnin.

F.h. Eftirlaunasjóðs FÍA



Snædís Ögn Flosadóttir, framkvæmdastjóri EFÍA